

**Ed.**

**365. Breytingartillögur**

[13. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 1. gr.

a. 1. töluliður orðist svo:

Kr. 1900.00 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökum, frystum hrognum, saltfiski, saltfiskflökum, söltuðum þunnildum, söltuðum hrognum ót. a., saltfiskbitum, söltuðum og frystum gellum, skreið, hertum þorskhausum, skelfiski og niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum.

Nemi gjald samkvæmt þessum tölulið meiru en svarar 4½% af fob-verðmæti útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark.

b. 4. töluliður orðist svo:

6% gjald af fob-verðmæti greiðist af fiskimjöli, karfamjöli, humarmjöli, rækjumjöli, lifrarmjöli, þorskælýsi, karfalýsi, heilfrystri síld, frystum síldarflökum, saltsíld og saltsíldarflökum, söltuðum grásleppuhrognum og öðrum þeim sjávarafurðum, sem eru ekki sérstaklega taldar í þessari grein. Heimilt er frá 1. jan. 1971 að draga frá fob-verðmæti saltsíldar og saltaðra grásleppuhrogna vegna umbúðakostnaðar kr. 500.00 fyrir hver 100 kg innihalds.

c. Við 5. tölulið. 1. málslíður orðist svo:

7% gjald af fob-verðmæti greiðist af nýjum og isvörðum fiski.

d. 6. töluliður orðist svo:

8% gjald af fob-verðmæti greiðist af síldarmjöli, síldarsoðkjarna og síldarlýsi.